

Mánudaginn 2. mars 1987.

Nr. 226/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðgeiri Bjarna Skarphéðinssyni

(Örn Clausen hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 15. apríl 1986 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og skv. 1. mgr. 1. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Svo sem í héraðsdómi greinir er sannað að ákærði framdi brot þau sem hann er saksóttur fyrir og varða þau við þau ákvæði sem í ákæru greinir, þó svo að ákvæði 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 koma nú í stað samsvarandi ákvæða í reglugerð nr. 390/1974.

Refsing ákærða, sem tvisvar hefur undirgengist sektargreiðslu fyrir fíkniefnabrot, í síðara skiptið 8. ágúst 1985, þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði en frá refsingu dragist 12 daga gæsluvarðhald ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greint er í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðgeir Bjarni Skarphéðinsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða í 12 daga komi refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. mars 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 5. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 405/1986: Ákæruvaldið gegn Friðgeiri Bjarna Skarphéðinssyni, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta.

Málið er höfðað á hendur Friðgeiri Bjarna Skarphéðinssyni sjómanni, fæddum 24. júlí 1960 í Reykjavík, með ákæru dags. 30. des. 1985, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfnni:

„I.

Í september 1984 keypt amfetamín í Amsterdam og sent um 73 g efnisins hingað til lands með pósti. Fengið um 24 g í sínar hendur í Reykjavík og ráðstafað því með óljósum hætti, en 22. og 26. september 1984 fundust samtals 48,9 g efnisins við tollskoðun á bréfapósti í Reykjavík.“

Meint brot ákærða í ákærulið I er í ákæruskjali talið varða við 2. gr. sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

„II.

Um mánaðamót mars/apríl 1985 keypt 1600 skammta af LSD (pappírs-miða með lýsergíði) í Amsterdam og sent efnið hingað til lands í bréfapósti í því skyni að selja það. Haft 1129 skammta í vörslum sínum á þáverandi heimili sínu að Baldursgötu 10 í Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit 26. júlí 1985.“

Meint brot ákærða í ákærulið II er í ákæruskjali talið varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.

Þess er krafist af ákæruvaldinu að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 1129 skömmtum af LSD og 48,9 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Ákærði hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum sbr. sakavottorð dags. 4.3. 1986:

[Sakavottorð tilgreinir tvær sektir fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf, 15. apríl 1981 600 kr. sekt og 8. ágúst 1985 7500 kr. sekt.]

Málsatvik:

Ákæruliður I.

— — —
Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við lögreglufirheyrslu 6. ágúst 1985.

Ákærði kvaðst hafa keypt 95 til 100 grömm af amfetamíni í Amsterdam haustið áður. Ákærði kvaðst hafa sent hluta efnisins hingað til lands í þremur pakkasendingum og voru pakkarnir merktir tveimur nafngreindum konum málinu óviðkomandi. Þriðji pakkinn var sendur á nafngreint fyrirtæki í Kópavogi. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið neitt af framangreindum pökkum í hendur heldur kvaðst ákærði hafa fengið í hendur 24 grömm af amfetamíni er ákærði kvaðst hafa sent hingað til lands í þremur sendibréfum. Ákærði kvaðst hafa notað efnið sjálfur að hluta og gefið og selt hluta.

Ákærði bar á sama veg og rakið var að framan við lögreglufirheyrslu 8. ágúst 1985.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 19. febrúar sl. Ákærði kvaðst hafa fest kaup á amfetamíni í Amsterdam í september 1981 og kvaðst ákærði hafa sent hingað til lands 73 grömm af amfetamíni bæði með bögglaþósti og í sendibréfum. Af framangreindu amfetamíni kvaðst ákærði hafa fengið í sínar hendur um 20 grömm af efninu og hafi það farið til eigin neyslu ákærða. Ákærði kannaðist við ljósmyndir af þremur bögglaþendingum er innihéldu amfetamín og lagt var hald á í september 1984.

Ákærði kvaðst þannig hafa sent amfetamín til landsins falið í vatnslitakassa og í gúmmípúða.

Ákæruliður II.

— — —
Ákærði bar hjá lögreglu 28. júlí 1985 að hafa haldið til Amsterdam í mars 1985 ásamt Gunnlaugi Jóhanni Friðgeirssyni. Ákærði kvaðst hafa keypt 1600 skammta af LSD á bar í Amsterdam og kvað ákærði samferðamann sinn Gunnlaug hafa keypt annað eins.

Ákærði kvaðst hafa sent LSD efnið hingað til lands í fjórum sendibréfum og hafi 400 skammtar verið í hverju bréfanna. Ákærði kvaðst hafa fengið þrjú bréfanna í sínar hendur og þannig 1200 skammta af LSD, en eitt bréfanna með 400 LSD skömmtum kvað ákærði hafa glatast og ekki komið fram.

Ákærði kvaðst fyrst hafa grafið LSD efnið í jörðu þar sem ákærði kvaðst hafa haldið að lögregla hefði lagt hald á eitt sendibréfanna. Síðan kvaðst ákærði hafa grafið efnið úr jörðu þar sem það var falið í kirkjugarðinum við Suðurgötu og kvaðst ákærði hafa flutt efnið á þáverandi heimili sitt að Garðastræti 19 og síðar að Baldursgötu 10 hér í borg, en þar lagði lögregla hald á 1129 skammta af LSD hinn 26. júlí 1985.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 19. febrúar sl. og lýsti ákærði þá á sama veg og rakið var hér að framan kaupum sínum á 1600 skömmtum af LSD (pappasýru) í Amsterdam í lok marsmánaðar 1985 og sendingarmáta efnanna hingað til lands í fjórum sendibréfum. Ákærði kvaðst hafa fengið í hendur 1200 skammta og hafi verið fyrirhugað að selja hluta efnisins.

Niðurstöður:

Ákæruliður I.

Sannað er með framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, að ákærði hafi í september 1984 keypt amfetamín í Amsterdam og sent 73 grömm af efninu hingað til lands með pósti. Ákærði fékk 20 grömm efnisins í sínar hendur í Reykjavík og ráðstafaði með óljósum hætti, en 22. og 26. september 1984 fundust samtals 48,9 grömm efnisins við tollskoðun á bögglapósti í Reykjavík.

Ákæruliður II.

Sannað er með framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, að ákærði hafi um mánaðamót mars/apríl 1985 keypt 1600 skammta af LSD (pappírsmiða með lýsergíði, svokölluð pappasýra) í Amsterdam. Ákærði sendi efnið hingað til lands í bréfaþósti í því skyni að selja það. Ákærði hafði í vörslum sínum 1129 skammta af efninu er lögregla gerði húsléit á heimili ákærða hinn 26. júlí 1985.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða í I. lið ákæru þykir nú eftir breytingar, sem urðu með reglugerð nr. 16, 1986, varða við 3. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og 3. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. auglýsing nr. 84, 1986.

Brot ákærða í II. lið ákæru snýst um innflutning á miklu magni af ofskynjunarlyfinu LSD í söluskyni. Ofskynjunarlyfið LSD er í hópi þeirra fíkniefna er hafa hvað mesta hættueiginleika. Ekki þykja vera til staðar dómur er forðæmisgildi hafa varðandi ákvörðun refsingar í máli þessu. Vakin er athygli á ömurlegum afleiðingum er kunna að hljótask af neyslu þessa efnis og er dómurinn kunnugt um tilvik þar sem neysla efnisins hefur haft varanleg áhrif á heilsu neytenda.

Innflutningur jafn mikils magns svo hættulegs efnis í dreifingarskyni og hér

er ákært út af þykir vera til þess fallinn að hafa í för með sér almannahættu og er 173. gr. a. almennra hegningarlaga skipað í XVIII. kafla almennra hegningarlaga þar sem eru brot er hafa í för með sér almannahættu.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir brot ákærða í II. lið ákæru varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974 og verður ákærða gerð refsing eftir 173. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64, 1974, en brot ákærða í þessum ákærulið varðar við verknáðarlýsingu 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Eftir að ákærði framdi brot sín tóku gildi lög nr. 13, 1985, reglugerð nr. 16, 1986 og auglýsing nr. 84, 1986 og var málið reifað með það í huga sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Í máli þessu verður beitt hinum nýju ákvæðum, þó þannig að ekki verður beitt þyngri viðurlögum en heimil voru á þeim tíma er ákærði framdi brot sín, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærða verður gerð refsing með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 vegna dómsáttar frá 8. ágúst 1985. Þá verður og við refsíákvörðun höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Svo sem rakið var þykja ekki fyrir hendi dómur er fordæmisgildi hafa við ákvörðun refsingar í máli þessu. Dómurinn vekur athygli á því að við refsímat í máli þessu er tekið sérstakt tillit til hinna gríðarlega miklu hættueiginleika sem neysla ofskynjunarefnisins LSD hefur í för með sér og dóminum eru kunnir og sem dómurinn telur að almennt séu þekktir.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 5 ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, komi 12 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í bágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði framdi brot sín með viðskiptasjónarmið í huga sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegninga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976. Ákærði greiði kr. 50.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982.

Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 50 daga í sektar stað.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins varðandi upptöku á fikniefnum.

Með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 skulu upptæk til eyðingar 1129 skammtar af LSD, nú merkt efnaskrá nr. 1425 í vörslum dómsins, og 48,9 grömm af amfetamíni, nú merkt efnaskrár nr. 1247, 1252 og 1257 í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þar af kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns og kr. 20.000,00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðgeir Bjarni Skarphéðinsson, fæddur 24.7. 1960, skal sæta fangelsi í 5 ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 12 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði greiði kr. 50.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 50 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til eyðingar skulu 1129 skammtar af LSD, nú merkt efnaskrá nr. 1425 í vörslum dómsins, og 48,9 grömm af amfetamíni, nú merkt efnaskrár nr. 1247, 1252 og 1257 í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þar af kr. 20.000,00 - málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans og kr. 20.000,00 í saksóknarlaun er renni í ríkissjóð.

Priðjudaginn 3. mars 1987.

Nr. 24/1986. **Hagvirki h.f.**

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Hans Jörgen Einarssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess að hann verði einungis dæmdur til að greiða